

12. gr.

Leiðsögumanni ferðafólks er skylt að sjá um að farþegar hans fylgi settum reglum um umgengni við landið og náttúru þess, svo og vara þá við fyrirsjáanlegum hættum.

Leiðsögumaður skal í starfi sínu vera hlutlaus í frásögn og forðast að særa siðgæðisvitund og trúartilfinningu farþega sinna.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 81.

26. janúar 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt nr. 137 26. júlí 1971

um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.

2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00. Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 8.00—12.00 á tímabilinu 1. janúar — 1. júní og á tímabilinu 1. sept. — 31. desember.

Auk þess er að framan greinir er verslunum heimilt að hafa opið allt að 8 stundir í viku á eftirfarandi tímum:

Frá mánudegi til föstudags kl. 18.00—22.00. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 2 í hverri viku.

Verslanir, sem nýta sér framangreinda heimild, skulu tilkynna borgaryfirvöldum hvernig heimildin muni notuð og auglýsa það á áberandi stað í versluninni. Með eins mánaðar fyrirvara skal á sama hátt tilkynna um breytingar, sem gerðar eru á notkun heimildarinnar. Brjótí verslanir ákvæði reglugerðarinnar um aukinn afgreiðslutíma skal það varða niðurfellingu á ofangreindri heimild í 3.—12 mánuði í senn.

Í desember skal auk þess heimilt að halda sölubúðum opnum þannig:

Fyrsta laugardag til kl. 16.00, annan laugardag til kl. 18.00, þriðja laugardag til kl. 22.00 og 23. desember til kl. 23.00. Bæri 23. desember upp á sunnudag, skal heimilt að hafa opnar verslanir til kl. 23.00 laugardaginn 22. desember.

Borgarráð getur að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands heimilað sölustöðum að hafa opið til kl. 12.00—16.00 á laugardögum, þó eigi fleiri en 1—2 verslunum í hverri grein í einu og ekki á tímabilinu 1. júní — 1. september. Einnig getur borgarráð, að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands, heimilað smásöluverslunum að halda vörusýningar á sölustað utan venjulegs afgreiðslutíma, enda fari engin sala fram.

Brjótí verslanir framangreind ákvæði um heimildir til þess að hafa opið á laugardögum eða heimildir til þess að efna til vörusýninga getur borgarráð fellt niður heimildir þeirra í ákveðinn tíma.

Borgarráð getur að fenginni umsögn lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrr en segir í grein þessari.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Fylgiskjal.

Tillaga um vörulista skv. 3. mgr. 4. gr.:

Sælgæti
Kex- og brauðvörur
þ. á m. brauðsamlokur
Tóbaksvörur
Öl og gosdrykkir
Blöð og tímarit
Ís, ískökur, íssósar
Heitar pylsur
Rafhlöður
Skyndiplástur
Salthnetur
Kartöfluluflögur
Kaffi
Te
Mjólkurduft
G-vörur
Nýir ávextir
Niðursoðnir ávextir
Ávaxtasafi
Harðfiskur
Blöðrur
Flugeldar

Öryggi
Eldspítur
Dömubindi
Bómull
Rakblöð
Sólgleraugu
Kort
Frimerki
Bolluvendir
Spil
Greiður
Hárlakk
Hárkrem
Filmur
Stílabækur
Reiknibækur
Blyantar
Vinnuvettlingar
Rakspíritus
Raksápa
Sokkar
Sokkabuxur.

5. febrúar 1981.

Nr. 82.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kaптúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.